



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
b.t. Nefndasvið
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

9. mars 2017
Tilvísun: 2017020065

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum, 111. mál

Fjármálaeftirlitið átti fulltrúa í starfshópi fjármála- og efnahagsráðherra sem sá um samningu frumvarpsins. Engar athugasemdir eru gerðar við efni þess. Fjármálaeftirlitið vill þó benda á að í tveimur tilfellum er vísað til skilgreininga á hugtökum í lögum um váttryggingastarfsemi en þar er ekki að finna skilgreiningu á umræddum hugtökum. Hér er fjallað um þau tilvik og gerir Fjármálaeftirlitið tillögu um að meðfylgjandi skilgreiningum verði bætt við lög um váttryggingastarfsemi.

5. tölul. 2. gr. frumvarpsins – eignarhaldsfélag á váttryggingasviði

Í 5. tölul. 2. gr. frumvarpsins er tilgreint að hugtakið váttryggingasvið merki váttryggingafélag og eignarhaldsfélag á váttryggingasviði, sbr. lög um váttryggingastarfsemi.

Í lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi, sem leystu af hólmi lög nr. 56/2010, er ekki að finna skilgreiningar á hugtakinu eignarhaldsfélag á váttryggingasviði. Þá skilgreiningu var að finna í 9. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 56/2010 og var hún svohljóðandi: „*Eignarhaldsfélag á váttryggingasviði*: Fyrirtæki þar sem meginstarfsemin er að eiga hluti í dótturfyrirtækjum sem eru annaðhvort eingöngu eða aðallega váttryggingafélög.“

11. tölul. 2. gr. frumvarpsins – blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi

Í 11. tölul. 2. gr. frumvarpsins er tilgreint að með hugtakinu blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi er átt við blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, sbr. lög um fjármálafyrirtæki og lög um váttryggingastarfsemi.

Í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er að finna svohljóðandi skilgreiningu á hugtakinu í 16. tl. 1. mgr. 1. gr. a: „*Blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi*: Móðurfélag sem ekki er eftirlitsskylt en það ásamt dótturfélögum sínum, þar sem a.m.k. eitt þeirra er eftirlitsskylt og er með höfuðstöðvar í aðildarríki, og öðrum aðilum myndar fjármálasamsteypu.“

Slíka skilgreiningu er ekki að finna í lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi, sem leystu af hólmi lög nr. 56/2010. Þá skilgreiningu var að finna í 4. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 56/2010 og var hún svohljóðandi: „*Blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi*: Móðurfélag sem ekki er



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

eftirlitsskylt en það ásamt dótturfélögum sínum, en a.m.k. eitt þeirra er eftirlitsskylt og er með höfuðstöðvar í aðildarríki, og öðrum aðilum myndar fjármálasamsteypu.“

Tillaga Fjármálaeftirlitsins að breytingum á lögum nr. 100/2016

Við 6. gr. laga nr. 100/2016 bætast tvær nýjar skilgreiningar, í 8. og 13. tölul. til að viðhalda stafrófsröð hugtaka:

8. tölul. verður svohljóðandi:

„*Blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi*: Móðurfélag sem ekki er eftirlitsskylt en það ásamt dótturfélögum sínum, þar sem að minnsta kosti eitt þeirra er eftirlitsskylt og er með höfuðstöðvar í aðildarríki, og öðrum aðilum myndar fjármálasamsteypu.“


13. tölul. verður svohljóðandi:

„*Eignarhaldsfélag á váttryggingasviði*: Félag þar sem meginstarfsemi felst í því að eiga hluti í dótturfélögum sem eru annaðhvort eingöngu eða aðallega váttryggingafélög.“

Núverandi töluliðir halda gildi sínu en númer þeirra taka breytingum í samræmi við framangreint.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITID


Anna Mjöll Karlsdóttir


Hildur Jana Júlíusdóttir

10.4.2017

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 22. febrúar 2017 um umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum (þskj. 146, 111. mál á 146. löggjafarþingi).

Frumvarpið gefur ekki tilefni til athugasemda.

F.h. Persónuverndar,



Þórður Sveinsson
Skrifstofustjóri lögfræðisviðs | Head of Legal Department

Persónuvernd | Data Protection Authority

Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík, IS, (+354) 510-9600
www.personuvernd.is